

Kæru þingfulltrúar og aðrir gestir,

Nú er liðið ár síðan við komum saman síðast á Hólmavík, og því líkt ár sem það hefur verið. Það má með sanni segja að starfsemi Fjórðungssambandsins hafi vaxið á síðustu vikum og mánuðum. Bæði hafa sveitarfélög á Vestfjörðum falið sambandinu aukin verkefni, sem er vel – en einnig hefur ríkisstjórnin og ráðuneytin verið að setja aukin verkefni á landshlutasamtökin, sem einnig er vel, en því miður mest megnis án þess að nokkur greiðsla komi fyrir. En þetta er auðvitað spurning sem mörg okkar stöndum frammi fyrir líka heima fyrir, hvar getum við sparað til að standast okkar eigin fjárhagsáætlun? Eigum við að loka leikskólum? Eigum við að hætta að styðja við íþróttafélögin? Eigum við að hætta að styðja við menningarstarf? Allt eru þetta spurningar sem við glímum við þessa dagana og því meira sem ég hugsa það, því augljósara finnst mér hversu skökk tekjuskiptingin er á milli ríkis og sveitarfélaga, auk þess sem sveitarfélögin hafa auðvitað verið að taka við auknum verkefnum frá ríkinu, því miður oft án þess að fylgi nægjanlegt fjármagn. Ég ætla nú stuttlega að drepa á nokkrum af stærstu málum ársins.

Í haust kom upp eitt stærsta verkefni ársins sem stóð okkur nær, en það var rekstrarvandi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Sem stærsti hluthafi félagsins samþykkti stjórn Fjórðungssambandsins að lána tímabundið framkvæmdastjóra til félagsins. Tímabundið endaði svo í að vera nokkuð langvarandi, enda er Aðalsteinn enn framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins sömuleiðis, sem svo hefur valdið töluverðu álagi á hann, en auðvitað einnig á starfsmenn félagsins sem eru orðnir ansi langeygðir eftir að ákvarðanir verði teknar, ákvarðanir sem við munum vonandi taka fyrstu skrefin í hér í dag. Nýlega var þetta samstarf Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélagsins loksins formfest að því leiti að gerður var samningur um að framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins sinnti 30% starfi framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélagsins, en á móti fær Fjórðungssambandið að nýta starfsmenn félagsins í verkefni sambandsins. Vegna mikils álags á framkvæmdastjóra og umfangs nýrra verkefna var ákveðið að ráða inn tímabundið starfsmann til að vinna, sá starfsmaður heitir Dána Jóhannsdóttir og er hér með okkur í dag, en hún hefur borið hitann og þungan af bæði vinnu að Umhverfissvottun Vestfjarða, sem og Sóknaráætlun Vestfjarða.

Annað verkefni kom svo upp í vor en í kjölfar erfiðleikanna á Flateyri boðaði ríkisstjórn Íslands heimsókn sína á Ísafjörð. Eins og flestir hér inni vita gekk ansi brösulega að finna tíma fyrir þann fund, en honum þurfti að ítrekað að fresta ýmist vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Segja má að þessi boðaði fundur hafi ollið því að ýmsum ákvörðunum var frestað fram yfir fund, auk þess sem mikill tími fór í undirbúning. Að lokum var fundurinn haldinn þann 5. apríl s.l.. Miklar væntingar voru til fundarins, enda ekki oft sem öll ríkisstjórnin boðar komu sína út fyrir höfuðborgarsvæðið. Það fór þó svo að þrátt fyrir mikinn vilja þá kom einungis enn einn plásturinn. Þó má segja að þarna hafi farið af stað mikilvæg mál, ekki aðeins fyrir Vestfirði heldur einnig landsbyggðina í heild, t.a.m. vinna að jöfnun flutningskostnaðar, um lækkingu og jöfnun húshitunarkostnaðar og svo það mikilvægasta sem kom í kjölfarið – hópur sem fjalla átti um Vestfjarðaveg 60 og eigum við von á ákvörðun ráðherra á föstudaginn næstkomandi. Ákvörðun sem vonandi verður byggð á hagsmunum byggðanna og öryggis vegfaranda. Í kjölfar ríkisstjórnarfundar var stofnaður svokallaður samráðsvettvangur sem fundaði alls þrisvar sinnum, en það var ábyrgð Fjórðungssambandsins að boða þá og sömuleiðis passa upp á öll samskipti milli ráðuneyta, stofnanna og sveitarfélaga. Lokafundurinn var haldinn hér á Ísafirði í vikunni, þar sem komst á samtal milli velferðarráðuneytis og þeirra verkefna. Öll sextán verkefni eru nú komin annað hvort í farveg eða er lokið. Gott er að þessari vinnu er lokið, og má segja að einn helsti ávinningurinn af verkefninu í heild, utan verkefnanna sjálfra auðvitað, hafi verið aukið samstarf ráðuneyta.

Eins og áður kom fram þá hefur ríkið verið nokkuð duglegt við að færa yfir á landshlutasamtökin verkefni á þessu liðna ári. Auðvitað má nefna þennan fyrrnefnda samstarfsvettvang sem var

sérstakur fyrir Vestfirði og Suðurnes. En einnig má hér nefna sóknaráætlun sem við munum ræða sérstaklega á morgun, flutning á málefnum fatlaðra sem Arnheiður mun fara betur yfir hér á eftir, flutningur á ábyrgð almenningssamgangna, og ýmislegt fleira smávægilegra.

Eins og flestir sveitarstjórnarmenn hafa væntanlega frétt af, í gegnum erindi fastanefndar um samgöngumál til sveitarfélaganna, þá hefur verið óskað eftir því að landshlutasamtökin taki að sér almenningssamgöngur í hverjum landshluta. Þetta er að sönnu spennandi verkefni þar sem þarna gefst okkur tækifæri á að setja upp almenningssamgöngukerfi á Vestfjörðum eins og við teljum best að hafa það, en helsti gallinn í því er þó líklega að ekki verður um neina aukningu á fjármunum inn í kerfið að ræða, heldur verður notað það fjármagn sem nú er í hinum svokölluðu sérleyfum og öðru slíku og því ekki augljóst að mikið svigrúm verði til einhverra raunverulegra breytinga. Hinn vandinn er svo auðvitað samgönguleysi á milli svæða á Vestfjörðum. En ég vil þó ekki tala þetta verkefni niður því þarna felast auðvitað ótal tækifæri sömuleiðis og ég treysti nefnd okkar um samgöngumál vel til að útfæra verkefnið frekar, ef vilji sveitarstjórnarmanna er til þess að treysta Fjórðungssambandinu fyrir því.

Mörg önnur verkefni hefa stjórn og starfsmenn Fjórðungssambandsins starfað að, má þar nefna frekast Strandsvæðaskipulag, RenRen, Sveitastjórnarvettvangur EFTA, endurnýjun menningarsamnings og margt fleira.

Þá hafa ótal jákvæðir hlutir gerst á síðasta ári. Þar ber þó hæst í mínum huga það samþykki sveitarfélaga að fara formlega í þá vinnu að undirbúa umhverfisvottun Vestfjarða. Ég tel að þarna séu ekki aðeins sóknarfæri fyrir Vestfirði, heldur einnig ímyndarskapandi og jákvætt á allan hátt. Nú tekur við áframhaldandi vinna að umhverfisvottun í samstarfi við sveitarfélög, íbúa, stofnanir og fyrirtæki á Vestfjörðum og tel ég það vera eitt það mest spennandi mál sem framundan er.

En að deginum í dag. Það eru spennandi mál til umfjöllunar á þessu Fjórðungspingi. Ég gerði nú létt grín að því í gær í samtali við Eyrúnu vinkonu mína á Tálknafirði að ég vissi ekki hvernig þingfulltrúar myndu bregðast við, en frá því ég hef verið viðriðin Fjórðungsping þá hafa menn kvartað undan því að ekki sé unnin meiri stefnumótun og meiri vinna unnin á Fjórðungspingum en nú væri ég hrædd um að kvartað yrði undan því að ekki væri lagður fram ályktanapakki frá stjórn. Sjáum til hver dómur manna verður á morgun.

Í dag munum við fjalla um breytingar á stoðkerfi atvinnulífsins. Þetta er mál sem hefur verið alltof lengi í umræðu og löngu tímabært að við fulltrúar sveitarfélaganna sem leggjum fjármagn inn í þetta kerfi mótum stefnu og ræðum málið fyrir alvöru. Þrátt fyrir að hafa verið leiðandi í þessari umræðu þá verð ég að viðurkenna að ég hef ekki mótað mér endanlega skoðun á því hvaða leið er best, hef ég þó lengi verið á því að nauðsynlegt sé orðið að höggva á hnútinn og hrökkva eða stökkva. Versta í stöðunni nú er að fresta málinu enn frekar og skapa enn meiri óvissu í kerfinu. En við munum fara betur yfir þetta mál á eftir. Ég tel þó mikilvægt að við tökum þau skref sem nauðsynleg eru í þessu máli nú til að halda áfram vinnunni en eins og kynnt verður á eftir þá leggur stjórn Fjórðungssambandsins til tvær leiðir til umræðu hér í dag, en jafnframt að sú tillaga sem verður fyrir valinu á þessu þingi verði þróuð áfram og svo lögð fram til endanlegrar samþykktar á aukafjórðungspingi sem yrði haldið þann 29. október næstkomandi.

Á morgun er svo planið að ræða annað stórt mál sem er sóknaráætlun landshluta, en í kjölfar sóknaráætlunar Ísland 20/20 ákvað ríkisstjórnin að unnar yrðu sóknaráætlunir fyrir hvern landshluta og var landshlutasamtökum sveitarfélaga á hverju svæði falið að vinna þá vinnu. Hér á Vestfjörðum var ákveðið að byrja á því að halda samráðsfund hagsmunaaðila þann 29. júní, þar sem voru sveitarstjórnarmenn, fulltrúar stofnana og atvinnulífs komu saman. Þar var samþykkt það vinnulag að Vestfjörðum var skipt upp í þrjú svæði og var bæjarstjórn á hverju svæði í kjölfarið falið að skipuleggja vinnu og umræðu á sínu svæði. Annar samráðsfundur var svo haldinn á Hólmavík 18. ágúst s.l. þar sem tillögur frá hverju svæði voru kynntar, auk þess sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins kynnti almennar tillögur sem náðu yfir Vestfirði alla. Það sem okkur er svo falið á þinginu hér á morgun er að velja úr sjö tillögur og forgangsraða þeim. En auðvitað er þetta stórt mál og því mikilvægt að það fái sem mesta kynningu og ætla ég því að nýta hér afganginn af tíma mínum til að fara yfir.

Úr þessari vinnu í sumar komu fram ellefu tillögur sem okkar verkefni á morgun er svo að velja úr og forgangsraða. Stórt verkefni, en sem betur fer vel yfirstíganlegt. Hins vegar er um verkefni að

ræða og þess vegna mikilvægt að þingfulltrúar geri sér vel grein fyrir þessum tillögum sem hér liggja frammi og því hafa hér verið hengt upp veggspjöld með hverri tillögu þar sem hægt er að kynna sér þær, en þessi veggspjöld verða jafnframt nýtt til atkvæðagreiðslu á morgun. Ég ætla nú stuttlega að fara yfir hverja tillögu og sömuleiðis fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu.

GLÆRUR

Ágætu þingfulltrúar, aftur að alvöru málsins. Ég hef verið mjög hugsí síðustu vikur vegna ýmissa mála, þá einkum tengdum ríkisvaldinu og sömuleiðis um framtíð Vestfjarða. Við vorum þó nokkur hér sem sátum fund í Reykjavík síðastliðinn mánudag þar sem verið var að ræða mögulegar lausnir á Vestfjarðavegi 60. Þar kom inn á fundinn að beiðni fulltrúa sveitarfélaga á Vestfjörðum aðili, Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri, sem fjallaði um samfélagsleg áhrif vegabóta og það verður að viðurkennast að umfjöllun hans var vægast sagt sláandi, bæði hvað varðar samfélagsáhrif af vegbótum á Vestfjarðavegi 60 og sömuleiðis mikilvægi þess að samgöngur á milli svæða á Vestfjörðum séu bættar. Í raun kastaði hann því fram að byggð á Vestfjörðum væri einfaldlega í húfi. Þess vegna vil ég gera það að tillögu minni að sveitarstjórnarmenn styðji tillögu um sókn í samgöngumálum á Vestfjörðum í fyrsta sæti Sóknaráætlunar Vestfjarða, enda er það augljóst mál að samgöngurnar eru alger forsenda þess að raunveruleg sókn landshlutans geti átt sér stað.

Að lokum, kæru vinir - ábyrgð okkar sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum er mikil bæði nú á þessu þingi og sömuleiðis í daglegu starfi okkar fyrir Vestfirði til framtíðar. Nú er lag til að taka mikilvæga umræðu og taka skref í stórum ákvörðunum.

Njótum samverunnar, hlustum á hvort annað og stöndum saman.